



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FUNDUR MEÐ SÉGOLÈNE ROYAL ORKU- OG UMHVERFISRÁÐHERRA FRAKKLANDS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag þriðjudaginn 28. júlí kl. 18:00 eiga fund á Bessastöðum með Ségolène Royal, umhverfis-, sjálfbærni- og orkumálaráðherra Frakklands, sem heimsækir Ísland til að kynna sér fjölþætta nýtingu jarðhita og undirbúa umfjöllun um hreina orku á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í París í desember.

Forseti Íslands og Ségolène Royal hafa tvisvar á þessu ári fundað um slíkt samstarf, fyrst í Abu Dhabi í janúar í tengslum við Heimsþing hreinnar orku, og svo í París í apríl en þá átti forseti einnig fund með forseta Frakklands François Hollande sem þegið hefur boð um að flytja opnunarræðu á þingi Hringborðs Norðurslóða, Arctic Circle, sem haldið verður í Reykjavík í haust.

Ségolène Royal mun í heimsókn sinni til Íslands eiga fundi með Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra og Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra, heimsækja orkuver, auðlindagarðinn á Reykjanesi og jarðhitafyrirtæki ásamt því að eiga viðræður við fjölda íslenskra sérfræðinga og vísindamanna.

Að loknum fundi forseta og Ségolène Royal býður forseti henni, sendinefnd ráðherrans og fulltrúum íslenskra stjórnvalda og aðila á vettvangi jarðhitanytingar, til kvöldverðar á Bessastöðum.

Ségolène Royal hefur í áraraðir verið meðal helstu forystumanna í frönskum stjórn málaum og var m.a. í framboði til embættis forseta í kosningunum 2007.

*Fjölmiðlum er heimiluð myndataka í upphafi fundar forseta og Ségolène Royal á Bessastöðum.*

28. júlí 2015

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*